



## Sáttmáli um farsíma- og snjalltækjanotkun í Pelamerkurskóla

- Við erum sammála um að það megi koma með farsíma og snjalltæki í skólann en í kennslustundum eiga þau að vera ofan í tösku og slökkt (öll hljóð og titringur) á þeim nema kennari leyfi annað.
- Nemendur bera sjálfir ábyrgð á tækjum í persónulegri eigu sem þeir koma með í skólann.
- Við erum sammála um að matmálstíma og útifrímínútur notum við til samtala, samveru og leikja. Þess vegna eru símar og snjalltæki ofan í tösku á þessum tíma.
- Við erum sammála um að síma og snjalltæki er hægt að nota til afþreyingar eftir morgunverð og hádegisverð, þegar kennslustundir falla niður og þegar nemendur 7.- 10. bekkjar eru inni í frímínútum á þriðjudögum og fimmtudögum.
- Það er með öllu óheimilt að taka upp hljóð, myndir eða myndbönd á hvers konar rafeindatæki án leyfis.
- Við erum sammála um að þegar ekki er farið eftir þessum sáttmála þá afhendi nemandi starfsmanni skólans símann/snjalltækið . Nemandinn getur sótt símann/tækið til skólastjórnenda að loknum skóladegi. Atvikið skal skrá í Mentor og tilkynna foreldrum.

Febrúar 2016

Nemendur og starfsfólk Pelamerkurskóla